



Fréttatilkynning

06 August 2024 14:50:00 GMT

Arion banki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 25. júlí 2024 um framkvæmd endurkaupaáætlunar. Í 31. viku 2024 keypti Arion banki eigin hluti á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. en engin sænsk heimildarskírteini (SDR) vou keypt á Nasdaq í Stokkhólmi í sömu viku. Sjá frekari upplýsingar hér að neðan.

Endurkaup á hlutum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í umrædd skipti voru eftirfarandi:

Date	Time (GMT)	Number of shares	Share price	Purchase price (ISK)	Total own shares
29.7.2024	10:05:36	500.000	135	67.500.000	44.026.533
30.7.2024	14:58:46	500.000	135	67.500.000	44.526.533
31.7.2024	10:29:14	560.000	134,75	75.460.000	45.086.533
1.8.2024	14:00:43	550.000	133,5	73.425.000	45.636.533
2.8.2024	10:09:57	595.000	133,5	79.432.500	46.231.533
		2.705.000		363.371.500	46.231.533

Arion banki átti fyrir viðskiptin í viku 31 samtals 46.607.505 eigin hluti og heimildarskírteini og á bankinn í lok viku 31 samtals 49.312.505 eigin hluti og heimildarskírteini. Samtals á bankinn nú sem nemur 3,372% af útgefnum hlutum í félaginu. Frá því að endurkaupaáætlun hófst hefur bankinn keypt samtals 2.705.000 hluti og 0 heimildarskírteini.

Heimilt er að kaupa allt að 384.000 SDR í Svíþjóð, sem samsvarar 0,026% af útgefnum hlutum og allt að 18.848.600 hluti á Íslandi, eða sem svara til 1,289% af útgefnum hlutum bankans (samtals um 1,315% af útgefnum hlutum). Fjárhæð endurkaupanna skal ekki nema hærri fjárhæð en sem svara til 50.000.000 kr. í Svíþjóð og 2.450.000.000 kr. á

Arion banki hf.

Borgartúni 19, 105 Reykjavík — 444 7000 — arionbank.is — [f](#) /arionbanki



Íslandi (samtals 2,5 milljarðar króna). Framkvæmd endurkaupaáætlunar lýkur þegar framangreindu er náð eða í síðasta lagi 12.mars 2025. Arion banki hf. hefur heimild til að stöðva framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar hvenær sem er á tímabilinu.

Endurkaupaáætlunin er framkvæmd í samræmi við lög og reglur á Íslandi og í Svíþjóð, eins og við á, þar með talin Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik („MAR“) og ákvæði framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2016/1052, sem og íslensk lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum auk reglna nr. 320/2022 um sama efni. Viðskipti með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina eru birt opinberlega í samræmi við gildandi lög og reglur í Svíþjóð og á Íslandi, eins og við á.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)